

Dvorski gegn Króatíu

Dómur frá 20. október 2015 - Yfirdeild

Mál nr. 25703/11

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Handtaka. Réttarstaða sakbornings. Réttur til aðstoðar verjanda að eigin vali.

1. Málsatvik

Kærandi, Ivan Dvorski, er króatískur ríkisborgari, fæddur árið 1986 og býr í Rijeka í Króatíu. Snemma dags þann 13. mars 2007 voru framin þrjú morð, vopnað rán og íkveikja í heimabæ kæranda. Fljótlega eftir hádegi sama dag var kærandi boðaður til yfirheyrslu á lögreglustöð. Hann var svo handtekinn daginn eftir. Samkvæmt kæranda hafði móðir hans samband við GM, lögmann sem hafði aðstoðað hann áður, og beðið hann um að taka að sér að vera verjandi hans í málinu. GM fór á lögreglustöðina en var neitað að hitta kæranda. Hann vildi leggja fram kæru vegna neitunar lögreglu en hún var ekki tekin til greina. Lögmaðurinn tilkynnti atvikið til lögmennasamtaka og lét dómstól vita af neitun lögreglunnar. Síðar um daginn undirritaði faðir kæranda umboð til GM til að sjá um vörn sonar hans. Í kjölfarið reyndi GM enn á ný að komast í samband við kæranda en var neitað. Hann lagði því inn kvörtun til lögreglustjóra vegna málsins.

Að kvöldi 14. mars 2007 var kærandi yfirheyrður af lögreglu og var lögmaðurinn MR viðstaddur, en samkvæmt lögregluskýrslunni hafði kærandi óskað eftir honum sem verjanda í málinu. Þann 12. júlí 2007 var kærandi ákærður ásamt tveimur öðrum einstaklingum vegna þriggja morða og íkveikju sem framin voru 13. mars 2007. Þann 24. júlí 2007 lagði kærandi fram kvörtun vegna ákærunnar og bar því við að málsmeðferð lögreglunnar hefði verið haldin mörgum annmörkum. Í kvörtuninni voru þó ekki gerðar athugasemdir við tilnefningu verjanda hans við skýrslutökur hjá lögreglu. Við réttarhöldin yfir kæranda óskaði hann að leiða GM fram sem vitni í málinu, þar sem hann taldi að játning hans hjá lögreglu hefði verið fengin með ólögmatum hætti. Kærandi bar því við að GM hefði ekki fengið að hitta hann áður en skýrslutökur fóru fram, og að hann hefði verið neyddur af lögreglu til þess að játa aðild sína að brotunum. Kröfu hans var hafnað með þeim rökum að skýrslutaka af GM hefði ekki sönnunargildi í málinu. Þann 30. júní 2008 var kærandi sakfelldur fyrir sinn hlut í umræddum brotum og dæmdur til 40 ára fangelsisvistar. Hann áfrýjaði dóminum, en án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að málsmeðferðin hjá lögreglu hefði brotið gegn 1. mgr. og 3. mgr. 6. gr. sáttmálans, þar sem réttur hans til að velja sér verjanda í málinu og þar með réttur hans til réttlátrar málsmeðferðar ekki verið virtur.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að daginn sem kærandi var handtekinn hafi hann verið yfirheyrður í viðurvist lögmannsins MR sem hann, samkvæmt upplýsingum úr lögregluskýrslu, hefði sjálfur valið sér til varnar. Sá vitnisburður var svo lagður fram við aðalmeðferð málsins til sönnunar á sekt kæranda. Dómstóllinn taldi þó ljóst að annar lögmaður, GM, hefði tilkynnt yfirvöldum að hann hefði reynt að setja sig í samband við kæranda á meðan hann var í haldi lögreglu, en verið neitað um að hitta hann. Kærandi hélt því síðar fram við meðferð málsins

að lögregla hefði ekki upplýst hann um að GM hefði reynt að hafa samband við hann. Dómstóllinn taldi ljóst að GM hefði verið ráðinn af foreldrum kæranda til að verja hann í sakamálinu gegn honum, en hann hefði þurft frá að hverfa vegna höfnunar lögreglu. Þá væri ljóst að kærandi hefði ekki verið upplýstur um tilraunir GM til að hafa samband við hann, og því hefði ákvörðun hans um að samþykkja MR sem verjanda sinn, ekki verið upplýst ákvörðun. Í króatískum lögum var tekið fram að sakborningur gæti valið sér verjanda undir rekstri málsins, en að aðstandendur gætu einnig ráðið verjanda honum til handa. Þar var einnig tekið fram að sakborningur gæti ekki neitað þeim verjanda sem tilnefndur væri af lögreglu, nema hann hefði ráðið annan lögmann til starfans. Því taldi dómstóllinn að lögreglu hefði borið skylda til að upplýsa kæranda um tilraunir GM til hafa samband við hann, enda hafi lögmaðurinn framvísað gildu umboði undirrituðu af aðstandendum kæranda. Dómstóllinn taldi því að aðgerðir lögreglunnar hefðu takmarkað aðgengi kæranda að verjanda að eigin vali, og ekki yrði talið að kærandi hefði afsalað sér tilkalli til verjanda að eigin vali þó hann hefði á frumstigum málsins veitt MR umboð til að koma fram sem verjandi hans í málinu.

Dómstóllinn benti á að MR hefði aðeins rætt við kæranda í um 10 mínútur áður en skýrslutakan fór fram, sem yrði að teljast stuttur tími þegar tekið væri mið af þeim alvarlegu glæpum sem hann var sakaður um að hafa framið. Dómstóllinn taldi að í málinu gegn kæranda hafi dómari ekki metið hvort skerðing á rétti hans til þess að velja sér verjanda í málinu hefði haft áhrif á framburð hans hjá lögreglu. Dómstóllinn taldi að kærandi hefði ekki haft næg tækifæri til þess að gera athugasemdir við skipun verjanda í málinu og ekki væri hægt að útiloka að skerðing á rétti hans til verjanda hefði haft áhrif á framburð hans hjá lögreglu. Þar sem króatískir dómstólar hefðu ekki tekið afstöðu til þessa álitaefnis yrði talið að kærandi hefði ekki notið réttlátrar málsmeðferðar í málinu. Því taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 1. mgr. og 3. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn dæmdi króatíska ríkið til að greiða kæranda 6.500 evrur í málskostnað.

7 dómara skiluðu séráliti.